

SAMNINGUR
MILLI EVRÓPUSAMBANDSINS, ÍSLANDS, FURSTADÆMISINS
LIECHTENSTEINS OG KONUNGRÍKISINS NOREGS UM FJÁRMAGNSKERFI
EES FYRIR TÍMABILÐ MAÍ 2021 - APRÍL 2028

EVROPUSAMBANDIÐ,

ÍSLAND,

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

ÞAR EÐ aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) eru sammála um nauðsyn þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu mismæmi milli svæða sinna með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla sín á milli,

ÞAR EÐ til þess að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin komið á fót fjármagnskerfi í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið,

ÞAR EÐ í bókun 38a við EES-samninginn og viðbót við hana er að finna ákvæði um fjármagnskerfi EES fyrir tímabilið 2004-2009,

ÞAR EÐ í bókun 38b við EES-samninginn og viðbót við hana er að finna ákvæði um fjármagnskerfi EES fyrir tímabilið 2009-2014,

ÞAR EÐ í bókun 38c við EES-samninginn er að finna ákvæði um fjármagnskerfi EES fyrir tímabilið 2014-2021,

ÞAR EÐ áfram er nauðsynlegt að draga úr félagslegu og efnahagslegu mismæmi innan Evrópska efnahagssvæðisins og því þarf að koma á nýju kerfi fyrir fjárframlög EFTA-ríkjanna innan EES fyrir tímabilið maí 2021 – apríl 2028,

HAFA ÁKVEÐIÐ AÐ GERA MEÐ SÉR SVOHLJÓÐANDI SAMNING:

1. gr.

Í stað 117. gr. EES-samningsins kemur eftirfarandi:

„Í bókun 38, bókun 38a, viðbót við bókun 38a, bókun 38b, viðbót við bókun 38b, bókun 38c og bókun 38d er að finna ákvæði um fjármagnskerfið.“

2. gr.

Nýrri bókun 38d er bætt við á eftir bókun 38c við EES-samninginn. Texta bókunar 38d er að finna í viðauka við þennan samning.

3. gr.

Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við eigin reglur um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

Hann öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.

Þar til þeirri málsmeðferð, sem um getur í 1. og 2. mgr., er lokið skal beita þessum samningi til bráðabirgða frá fyrsta degi fyrsta mánaðar eftir að síðasta tilkynningin um það hefur verið afhent til vörslu.

4. gr.

Samningur þessi, sem gerður er í einu frumriti á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litáísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku, þýsku, íslensku og norsku, en textar hans á sérhverju þessara tungumála eru jafngildir, skal afhentur aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu sem mun senda hverjum samningsaðila staðfest endurrit.

Gjört í Brussel

Fyrir hönd Evrópusambandsins

Fyrir hönd Íslands

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

VIÐAUKI
BÓKUN 38d
um fjármagnskerfi EES (2021-2028)

1. gr.

(1) Markmið

Ísland, Liechtenstein og Noregur („EFTA-ríkin“) skulu leggja sitt af mörkum til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á Evrópska efnahagssvæðinu og efla tengsl sín við styrkþegaríkin með fjárframlögum innan þeirra þemabundnu forgangssviða sem skráð eru í 3. gr.¹.

(2) Sameiginleg gildi og meginreglur

Fjármagnskerfi EES (2021-2028) skal byggjast á sameiginlegum gildum og meginreglum sem eru virðing fyrir mannlegri reisu, frelsi, lýðræði, jafnrétti, réttarríkið og virðing fyrir mannréttindum, þ.m.t. réttindum þeirra sem tilheyra minnihlutahópum.

Í öllum áætlunum og allri starfsemi, sem fjármálakerfi EES fjármagnar, skal virða þessi gildi og þessar meginreglur og í þeim skal varast að veita stuðning til aðgerða sem gera það mögulega ekki. Framkvæmd þeirra skal vera í samræmi við þau grundvallarréttindi og -skyldur sem felast í viðeigandi gerningum og stöðlum.

2. gr.

Skuldbindingar.

Fjárframlagið, sem kveðið er á um í 1. gr., skal vera 1 705 milljónir evra. Einnig skulu vera til ráðstöfunar 100 milljón evra viðbótarfjárframlag til verkefna sem tengjast áskorunum sem fram koma í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu. Þessi framlög skulu vera til ráðstöfunar vegna skuldbindinga með árlegum hlutagreiðslum sem nema 257,86 milljónum evra á tímabilinu frá 1. maí 2021 til 30. apríl 2028, að báðum dögum meðtöldum.

Heildarfjárhæðin skal samanstanda af sérstökum úthlutunum til einstakra landa eins og tilgreint er í 6. gr. og því fjármagni sem er tilgreint í 7. gr.

3. gr.

(1) Þemabundin forgangssvið

Sérstakar úthlutanir til einstakra landa skulu vera til ráðstöfunar innan eftirtalinna heildstæðu, þemabundinna forgangssviða:

(a) Græn umskipti í Evrópu

¹ Í þessari bókun ber að líta á tilvísanir í greinar sem tilvísanir í greinar þessarar bókunar nema annað sé tekið fram.

- (b) Lýðræði, réttarríkið og mannréttindi
- (c) Félagsleg aðlögun og viðnámsþróttur

Í viðaukanum við þessa bókun eru sett fram áætlunarsvið innan þessara þemabundnu forgangssviða. Haft verður samráð við styrkþegaríkin um efni þessara áætlana.

(2) Þarfir styrkþegaríkja

Velja skal áætlunarsvið, leggja á þau áherslu og aðlaga þau til að bregðast við ólíkum þörfum í hverju styrkþegaríki, með hliðsjón af stærð þess og fjárframlagi. Málsmeðferðin sem ber að fylgja í þessu skyni er sett fram í 5. mgr. 9. gr.

4. gr.

(1) Samkomulag

EFTA-ríkin skulu ganga frá samkomulagi við hvert styrkþegaríki, í samræmi við 5. mgr. 9. gr., til þess að unnt sé að ná fram áherslu og tryggja skilvirka framkvæmd í samræmi við heildarmarkmiðin sem um getur í 1. gr. og með hliðsjón af stefnum ESB og tilmælum til einstakra landa, og samstarfssamningum sem aðildarríkin og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gera með sér.

(2) Samráð við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Hafa skal samráð við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á stefnumótunarstigi og skal það fara fram á meðan samningaviðræður um samkomulagið standa yfir með það að markmiði að stuðla að fyllingu og samlegðaráhrifum við samheldnistefnu ESB.

5. gr.

(1) Sameiginleg fjármögnun

Framlag EFTA skal ekki fara yfir 85% af kostnaði við áætlanir sem falla undir sérstakar úthlutanir til einstakra landa og styrkþegaríkin bera ábyrgð á að koma til framkvæmda, nema EFTA-ríkin ákveði annað.

(2) Ríkisaðstoð

Fara skal að gildandi reglum um ríkisaðstoð.

(3) Bótaábyrgð

Ábyrgð EFTA-ríkjanna á verkefnunum er takmörkuð við það að útvega fjármagn samkvæmt samþykktu fyrirkomulaginu. Af þeim sökum munu EFTA-ríkin ekki taka á sig bótaábyrgð gagnvart þriðju aðilum.

6. gr.

Sérstakar úthlutanir til einstakra landa

Eftirfarandi styrkþegaríki skulu fá til ráðstöfunar sérstakar úthlutanir: Búlgarí, Eistland, Grikkland, Króatía, Kýpur, Lettland, Litáen, Malta, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland, í samræmi við eftirfarandi skiptingu:

| Styrkþegaríki | Fjármagn (milljónir evra) |
|----------------------|----------------------------------|
| Búlgarí | 132 807 931 |
| Króatía | 68 018 840 |
| Kýpur | 9 014 276 |
| Tékkland | 115 163 505 |
| Eistland | 36 750 087 |
| Grikkland | 159 320 451 |
| Ungverjaland | 129 868 485 |
| Lettland | 56 013 268 |
| Litáen | 60 274 987 |
| Malta | 5 710 418 |
| Pólland | 472 614 415 |
| Portúgal | 126 276 741 |
| Rúmenía | 304 642 069 |
| Slóvakía | 66 843 694 |
| Slóvenía | 25 580 833 |

Fjárhæðirnar, sem eru settar fram, taka til sérstakra úthlutana til hvers styrkþegaríkis í samræmi við 5. mgr. 9. gr. og hlutdeildar í sjóðnum fyrir borgaralegt samfélag sem um getur í 7. gr. sem hvert styrkþegaríki hefur hag af.

7. gr.

Fjármagn úr tveimur sjóðum skal vera til ráðstöfunar innan fjármagnskerfis EES. Þeir skulu stuðla að því að markmiðum fjármagnskerfis EES (2021–2028), eins og þau eru skilgreind í 1.

gr., verði náð og að þemabundnu forgangssviðunum sem um getur í 3. gr. EFTA-ríkin geta tekið þátt í sjóðunum sem samstarfsaðilar.

Sjóður fyrir borgaralegt samfélag

leggja skal 10% af heildarfjárhæðinni til hliðar vegna sjóðs fyrir borgaralegt samfélag. Skiptingin milli styrkþegaríkjanna er sett fram í 6. gr.

5% af sjóðnum skal úthlutað til fjölbjóðlegra framtaksverkefna.

Sjóður vegna uppbyggingar á getu og samstarfs við alþjóðlegar stofnanir og aðila.

leggja skal 2% af heildarfjárhæðinni í sjóð vegna uppbyggingar á getu og samstarfs við alþjóðlegar stofnanir og aðila, m.a. Evrópuráðið, Efnahags- og framfarastofnunina og Evrópastofnun grundvallarmannréttinda (FRA). Þessi sjóður mun stuðla að þemabundnum forgangssviðum í styrkþegaríkjunum.

8. gr.

(1) Samræming við fjármagnskerfi Noregs

Fjárframlagið, sem kveðið er á um í bókun þessari, skal samræma eins náðið og unnt er tvíhliða framlagi Noregs sem sett er fram í norska fjármagnskerfinu. Einkum skulu EFTA-ríkin sjá til þess að málsmeðferðarreglur og fyrirkomulag við framkvæmd séu í aðalatriðum eins í báðum fjármagnskerfunum.

(2) Samræming við samheldnistefnu ESB

Taka skal tillit til hvers kyns breytinga á samheldnistefnu ESB sem máli skipta, eftir því sem við á.

9. gr.

Framkvæmd fjármagnskerfis EES skal vera sem hér segir:

(1) Samvinna

Leitast skal við að ná markmiðum fjárhagsramma EES, sem um getur í 1. gr., innan ramma náinnar samvinnu milli styrkþegaríkjanna og EFTA-ríkjanna og virða jafnframt þau gildi og þær meginreglur og fylgja þeim réttindum og skyldum sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

(2) Meginreglur varðandi framkvæmd

Gæta verður fullkomins gagnsæis, ábyrgðar og kostnaðarhagkvæmni á öllum stigum framkvæmdar og jafnframt virða meginreglur um góða stjórnunarhætti, samstarf og stigskipta stjórnun, sjálfbæra þróun, jafnrétti kynjanna og bann við mismunun.

(3) Stjórnun sjóðanna

EFTA-ríkin skulu starfrækja og bera ábyrgð á framkvæmd, þ.m.t. stjórnun og eftirliti, beggja sjóðanna eins og fram kemur í 1. mgr. 7. gr.

(4) Nefnd um fjármagnskerfið

EFTA-ríkin skulu skipa nefnd sem annast almenna stjórnun fjármagnskerfis EES. EFTA-ríkin munu setja frekari ákvæði um framkvæmd fjármagnskerfis EES, þ.m.t. ráðstafanir til einföldunar sem miða að því að tryggja skilvirkni og árangur framkvæmdar, að höfðu samráði við styrkþegaríkin sem mega njóta aðstoðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. EFTA-ríkin skulu leitast við að setja þessi ákvæði fyrir undirritun samkomulagsins.

(5) Samningaviðræður um samkomulag

EFTA-ríkin skulu semja við hvert styrkþegaríki um samkomulag varðandi sértæka úthlutun til þess ríkis, að undanskildu því fjármagni sem um getur í 7. gr. og 3. mgr. þessarar greinar. Í samkomulaginu skal setja fram áætlanir, skiptingu fjármuna milli áætlunarsvæða, skipulag varðandi stjórnun og eftirlit og gildandi skilyrði.

(6) Framkvæmd

- (a) Á grundvelli samkomulagsins skulu styrkþegaríkin leggja tillögur að sérstökum áætlunum fyrir EFTA-ríkin sem skulu leggja mat á og samþykkja tillögurnar og gera samninga við styrkþegaríkin, með viðeigandi skilyrðum, áhættumati og ráðstöfunum til að draga úr áhættu, um styrki fyrir hverja áætlun.
- (b) Framkvæmd samþykktra áætlana skal vera á ábyrgð styrkþegaríkjanna sem skulu koma á viðeigandi stjórnunar- og eftirlitskerfi til að tryggja trausta framkvæmd og stjórnun.
- (c) EFTA-ríkin skulu hafa eftirlit í samræmi við innri skilyrði sín. Styrkþegaríkin skulu leggja fram nauðsynlega aðstoð, upplýsingar og skjöl í þessu skyni.
- (d) Til að tryggja að farið verði að skuldbindingum geta EFTA-ríkin, að undangengnu mati og eftir að hafa hlýtt á málflutning styrkþegaríkisins, gert viðeigandi og hóflegar ráðstafanir, m.a. stöðvað greiðslur og endurheimt fjármuni.
- (e) Þar sem við á skal hafa samstarf um undirbúning, framkvæmd, eftirlit og mat á fjárframlagi til að tryggja víðtæka þátttöku. Samstarfsaðilar geta m.a. verið af staðbundnum, svæðisbundnum og landsbundnum vettvangi, einnig úr einkageiranum, borgaralegu samfélagi og aðilar vinnumarkaðarins í styrkþegaríkjunum og EFTA-ríkjunum.
- (f) Heimilt er að koma verkefni, sem fellur undir ramma áætlana í styrkþegaríkjunum, til framkvæmda í samstarfi við aðila sem hafa aðsetur í styrkþegaríkjunum og EFTA-ríkjunum, í samræmi við gildandi reglur um opinber innkaup.

(7) Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður EFTA-ríkjanna skal greiddur af heildarfjárhæðinni sem um getur í 2. gr. og hann skal tilgreina í ákvæðum um framkvæmd sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Stjórnunarkostnaður sjóðanna, sem um getur í 7. gr., verður greiddur af þeirri fjárhæð sem úthlutað er til sjóðanna.

(8) Skýrslugjöf

EFTA-ríkin skulu tilkynna um framlag sitt til markmiða fjármagnskerfis EES.

10. gr.

Endurskoðun.

Í lok tímabilsins, eins og það er skilgreint í 2. gr., og með fyrirvara um réttindi og skyldur samkvæmt EES-samningnum, skulu samningsaðilarnir endurskoða, í ljósi 115. gr. EES-samningsins, þörfina á að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á Evrópska efnahagssvæðinu.

VIÐAUKI VIÐ BÓKUN 38d

Græn umskipti

Græn viðskipti og nýsköpun

Rannsóknir og nýsköpun

Menntun, þjálfun og atvinna ungs fólks

Menning

Staðbundin þróun, góðir stjórnunarhættir og inngilding

Inngilding og valdefling Rómafólks

Lýðheilsa

Forvarnir og viðbúnaður vegna hamfara eða stórátalla

Svið réttarkerfisins, þ.m.t. heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi, aðgangur að réttarkerfinu, betrunarþjónusta, alvarleg og skipulögð brotastarfsemi

Hælistím, fólksflutningar og aðlögun

Samstarf og uppbygging á getu stofnana

Styrkþegaríki munu einnig njóta hags af verkefnum sem eru fjármögnuð með:

sjóðnum fyrir borgaralegt samfélag

sjóðnum vegna uppbyggingar á getu og samstarfs við alþjóðlegar samstarfsstofnanir og aðila

Jafnrétti kynjanna og stafvæðing verða felld inn og mynda hluta af öllum viðkomandi áætlunarsviðum.